

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510	Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnistaka	510
676-00	Ganglimsangiografia	510	Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
677-00	Aorto-femoral angiografia	510		14. flokkur	
679-00	Rannsókn annarra slagæða	510	780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
729-00	Basal ganglia (BETA - CIT - 123 - I)	510		15. flokkur	
8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/ sýnistaka	510	758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/ dren	510			

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Bauganes 17, Skerjafirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bauganes 17.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reynisvatnsheiði, hitaveitugeymar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, deiliskipulag fyrir Reynisvatnsheiði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Mjóstræti 4, Grjótaþorp.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Mjóstræti 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tunguháls 1-3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. febrúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguháls 1-3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogavegur 135.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Sogaveg 135.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Andrésbrunnur 2-10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Andrésbrunn 2-10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. maí 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 337/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Suðurlandi.

Samkvæmt samþykkt aðildarsveitarfélaganna á Suðurlandi er gerð breyting á 7. grein gjaldskrárinnar og hljóðar hún nú á eftirfarandi hátt:

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimukostnaðar.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Selfossi, 1. apríl 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Elsa Ingjalddóttir framkvæmdastjóri.

REGLUR

um vísitölusjóði.

1. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé, í samþykktum og fjárfestingarstefnu sjóðsins, eða viðkomandi deildar hans, kveðið á um að eignasamsetning hans skuli endurspeglar ákveðna verðbréfavísitölu.

2. gr.

Vísitala skv. 1. gr. skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega á skipulögðum verðbréfamarkaði, sbr. lög um verðbréfavíðskipti og endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.